

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Rangárþingi ytra.

Haukadalur 4N, breyting á deiliskipulagi.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti 13. mars 2024 tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Haukadal 4N. Breytingin tekur til einnar viðbótarlóðar í eigu umsækjanda þar sem skilgreindar verði byggingarheimildir á henni til samræmis við aðrar lóðir á svæðinu. Aðkoma að svæðinu er af Þingskálavegi (268).

Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi og eldra deiliskipulag fellur samhliða úr gildi.

Hellu, 3. apríl 2024.

F.h. Rangárþings ytra,

Birgir Haraldsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 17. apríl 2024